

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Þór Guðjónsson

Hugleiðingar um tengsl Búnaðarfélags Íslands
og Veiðimálastofnunar

Eintak bókasafns

VMST-*Q* 36009

Reykjavík

1986

Veiðimálalöggjöfin

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði skal veiðimálastjóri ásamt Veiðimálanefnd vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar við stjórn veiðimála, en það eru mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt og fiskeldi. Verkefni veiðimálastjóra eru talin upp í lögunum og eru þessi í stuttu máli: Leiðbeiningar um veiðimál, rannsóknir veiðivatna og vatnafiska, skrásetning veiðivatna, söfnun skýrslna um veiði og fiskrækt, eftirlit með gerð og byggingu fiskræktarmannvirkja, og auk ýmissa starfa, sem getið er um í einstökum lagagreinum. Auk þess er þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, margskonar upplýsingaþjónusta, innheimta fyrir Fiskræktarsjóð og seta í stjórn hans og í Fisksjúkdómanefnd. Skrifstofa og rannsóknarstofa embættis veiðimálastjóra hefur verið kölluð Veiðimála-skrifstofan og síðar Veiðimálastofnunin.

Veiðimálanefnd, sem í eiga sæti fimm menn, er ráðgefandi aðili.

Veiðimálastarfsemi

Veiðimálastjóri var fyrst skipaður 1946, og starfaði hann einn fyrsta árið. 1947 var ráðinn fastur aðstoðarmaður og áratug síðar ritari. Árið 1967 var ráðinn til starfa annar fiskifræðingur og þrjár fiskifræðingar til viðbótar fengust ráðnir á árabílinu 1972-1979. Nú eru starfandi átta fiskifræðingar á Veiðimálastofnun auk veiðimálastjóra, og enn fremur fulltrúi, tveir ritarar í hálfu starfi hvor og tveir rannsóknarmenn. Fjórum fiskifræðingum er ætlað að starfa í deildum Veiðimálastofnunar í landsfjórðungunum og hafa þeir aðsetur í Borgarnesi, á Hólum í Hjaltadal, Egilsstöðum og Selfossi.

Svo sem fram hefur komið, var stofnunin fáliðuð fyrsta aldarfjórðunginn. Beindist starfið á þeim árum mest að leiðbeiningum, söfnun upplýsinga og að félagsmálum

varðandi stofnun og starfsemi veiðifélaga víðsvegar á landinu. Eru nú starfandi um 150 veiðifélög. Auk þess var unnið að rannsóknum með öðrum störfum og að uppbyggingu Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði svo og við rekstur hennar og tilraunastarfsemi þar. Eftir að fiskifræðingum fjölgaði hefur rannsóknarstarfsemin stóraukist. Veiðieigendur og veiðimenn hafa jafnan haft mjög mikinn áhuga á laxveiðum og hefur því mikil áhersla verið lögð á laxveiðimálin. En athyglin hefur einnig beinst að silungi í stöðuvötnum þó í minna mæli hafi verið. Fiskifræðingur Jón Kristjánsson, var t.d. ráðinn að Veiðimálastofnun 1972 til þess gagngert að annast rannsóknir á silungi í stöðuvötnum og að leiðbeina um silungsveiðimál. Aðrir fiskifræðingar á stofnuninni hafa einnig lagt silungsmálunum lið eins og nú síðast þeir Árni H. Helgason og dr. Tumi Tómasson. Upplýsingarmiðlun hefur verið verulegur þáttur í starfseminni. Fjöldi greina um veiðimál hafa verið birtar í blöðum, tímaritum og í bókum innan lands og utan auk þess hafa verið gefin út um 60 fjölrit Veiðimálastofnunar til dreifingar. Þá hefur hlutaðeigandi aðilum víðsvegar um landið verið sendar álitssgerðir, umsagnir og skýrslur um athuganir og rannsóknir varðandi fiskrækt og fiskeldi og fleira. Um frekari upplýsingar um starfsemi Veiðimálastofnunar fram til 1982 skal vísað í grein mína í 2. tölublaði Freys 1982.

Lagaákvæði um silungsveiði í stöðuvötnum

Megin atriði í veiðilöggjöfinni um silungsveiðar eru frá 1932 eða á þeim tíma sem silungsveiði í stöðuvötnum var algengari en síðar varð og þörf þótti á að friða silung í fjóra mánuði um hrygningartímann. Í núgildandi lögum frá 1970 var þó heldur dregið úr friðunarákvæðum. Ákveðið er, að friðun vatnasilungs skuli vera í þrjá mánuði á tímabilinu 15. ágúst til 1. mars ár hvert og geti verið breytilegt frá einu vatni til annars eftir því, hvenær hrygning fer fram í viðkomandi vatni. Heimilt er að leyfa

að fella niður friðunarákvæðin, ef svo ber undir. Ákvæði er um veiðitæki, sem nota má til silungsveiða í vötnum, og um undanþágur varðandi önnur veiðitæki, um vikufriðun fyrir silungsveiði, þar sem lax-og göngusilungur fer um, svo og um möskvastærð silunganeta í slíkum vötnum. Tilgangur með því ákvæði er að koma í veg fyrir, að veiðibúnaður við silungsveiði í vötnum sé misnotaður til þess að veiða lax og göngusilung, sem leið eiga um stöðuvötn, enda eru ákvæði um friðun göngufisks mun strangari en um friðun silungs í stöðuvötnum. Við endurskoðun lax- og silungsveiðilaga fyrir nokkrum árum voru friðunarákvæði um silungsveiði í stöðuvötnum felld niður nema í því tilviki að grípa þyrfti inn í vegna ótvíræðrar ofveiði.

Stöðuvötn

Hér er rætt um silungsveiði í stöðuvötnum og er þá ekki úr vegi að gefa nokkrar upplýsingar um stöðuvötn almennt. Stöðuvötn þekja rúmlega 1% af yfirborði landsins, þar sem samanlagt yfirborð þeirra er rúmlega 1200 km². Um 900 vötn eru stærri en 0,3 km², en aðeins 82 vötn eru 1 km² eða stærri að flatarmáli og þar af 13 stærri en 10 km². Þingvallavatn er stærsta vatnið á landinu frá náttúrunnar hendi 83 km² að flatarmáli. Þórisvatn getur orðið stærra, þegar fyllur eru í því eftir að vatnsmiðlun hófst þar í sambandi við raforkuframleiðslu. Silungur mun vera í flestum vötnum landsins en þó eftir aðstæðum mismikill miðað við flatareiningu. Margir þættir hafa áhrif á frjósemi vatnanna svo sem umhverfi, dýpi og hæð yfir sjó. Grunn láglendisvötn eru jafnaðarlega frjósömust með tilliti til silungsframleiðslu. Samkvæmt fasteignarmati frá 1942 hafa 26,3% jarða á landinu silungsveiðihlunnindi, en þar með eru taldar jarðir, sem lönd eiga að ám og að sjó.

Stöðuvatnaveiði

Silungur, þ.e. urriði og bleikja, hefur verið veiddur

til matar frá landnámstíð og reyndar stundum verið notaður sem beita fyrir sjávarfiska. Með byltingu í landbúnaði nú síðustu áratugina hefur silungsveiði sem hluti af fæðuöflun sveitaheimila mikið til lagst af nema þá helst í vötnum í byggð og þar sem möguleikar hafa verið á sölu á silungi. Stangarveiði aðkomumanna í vötnum hefur komið til sögunnar og hún farið vaxandi nú síðustu áratugina.

Verkefni framundan

Brýn þörf er á að koma veiðum á að nýju eða auka þær á sem hagkvæmastan og arðmestan hátt fyrir eigendur og umráðendur stöðuvatna, sem flestir eru bændur. Leitast þarf við að skapa bændum sem árvissastar tekjur ^{af} með veiðinni. Ef það markmið á að nást, verður að framkvæma eftirfarandi atriði og jafnframt að gera sér grein fyrir hverjir eiga að vinna að verkefnum tengdum þeim. Veiðimálastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband veiðifélaga hafa lagt fram vinnu og fjármuni til þess að koma vatnasilungsmálum áleiðis og munu reiðubúin til að halda því áfram, en koma þarf á ákveðinni skipulagðri verkaskiptingu á milli þessara aðila. Framkvæmdaatriðin, sem vinna þarf að, eru þessi:

1. Vekja þarf áhuga bænda við silungsvötnin á að taka upp silungsveiðar, þar sem þær eru ekki fyrir eða að efla þær, ef þörf er á.
2. Kynna verður fyrir þeim hagkvæman veiðiútbúnað, hvað kostnað og notkun snertir og hvar hann er fánlegur og ennfremur að kenna aðferðir við veiðina.
3. Kanna þarf, hve mikið má veiða árlega úr hverju vatni.
4. Vinna þarf að því, að framboð á silungi sé sem jafnast á markaði á hverjum tíma.
5. Leggja verður sérstaka áherslu á, að verkun og meðferð aflans sé í góðu lagi.
6. Leita verður markaða fyrir silung bæði innanlands og utan og koma á skipulögðu sölukerfi.

7. Stofna þarf til samtaka við silungsveiðivötn og vatnaklasa í formi veiðifélaga þar sem þau eru ekki fyrir. Þeim ber að skipuleggja veiðar og hugsanlega einnig að koma aflu á markað. Fjórtán veiðifélög eru nú þegar starfandi við silungsvötn sérstaklega. Þá er fjöldi stöðuvatni í veiðifélögum við árkerfi. Veiðifélög eru byggð á lagaákvæðum, en það er mikilvægt atriði fyrir varanlega starfsemi félaganna.

Verkaskipting

Verkaskipting við áður nefnd atriði má hugsa sér þannig. Veiðimálastofnunin mun sjá um rannsóknir á silungsmagni í vötnum og leiðbeiningar um veiðimagn, sem taka má, og um söfnun veiðiskýrslna. Ennfremur mun hún annast um að stofna veiðifélög gefa þeim ráðleggingar og vera þeim til aðstoðar á annan hátt. Búnaðarfélagið taki að sér að vinna í markaðsmálum, en þar þarf að koma til aðstoð sérfróðra manna. Mun væntanlega þurfa að útvega fjármagn til að standa undir þeim kostnaði. Veiðimálastofnun og Búnaðarfélagið þyrftu að hafa samvinnu um önnur atriði, þ.e. að vekja áhuga á silungsveiðum, kynna veiðibúnað, og verkunaraðferðir. Gefa þarf út leiðbeiningar um þessi atriði. Þá þarf að fá vanan veiðimann til þess að ferðast á milli vatna og kenna bændum að veiða og verka silung.

Landssamband veiðifélaga þarf einnig að vera virkur aðili í uppbyggingu silungsveiðimála, enda hefur það sýnt áhuga á að verða að liði. Veiðifélög um silungsvötnin þurfa að vera aðilar að Landssambandinu. Það ætti að geta stutt silungsveiðifélög við skipulag á sölu silungs og ef til vill á fleiri sviðum m.a. í gegnum skrifstofu þess í Reykjavík.

Að þeim þáttum, sem hér hafa verið ræddir, hefur þegar verið unnið, en augljóst er að auka verður starfsemina og færa hana í markvissara form. Fyrir nokkrum

árum var komið á samstarfi Veiðimálastofnunar, Búnaðarfélags Íslands og Landssambands veiðifélaga með því að skipa nefnd til þess að vinna að eflingu silungsveiðimála. Tímabært er að leggja hana niður í núverandi formi.

Fjármögnun

Af aukinni starfsemi leiðir aukin útgjöld. Varðandi þá starfsemi, sem að framan var rædd, mun verða kostnaður við að hafa mann til að kenna veiðar og við að fá sérfræðinga við markaðsöflun og skipulag á sölu. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur styrkt silungsveiðinefndina og mun vonandi styrkja ofangreinda starfsemi, ef til sjóðsins verður leitað. Þá væri æskilegt, að búnaðarsamböndin viðsvegar um landið legðu fram fjármuni til framkvæmda á silungsveiðiverkefninu eins og Búnaðarsamband Skagfirðinga hefur gert í Skagafirði. Ennfremur gætu héraðsráðunautar veitt aðstoð við verkefnið með ábendingum um hvar sé helst að bera niður, þegar taka á upp veiði á svæðum, þar sem hún er ekki stunduð, svo og með öðrum hætti. Önnur útgjöld, sem af starfinu mun leiða, munu vonandi Veiðimálastofnun, Búnaðarfélagið og Landssamband veiðifélaga geta tekið á sig.

Silungseldi

Nú þessi árin hefur áhuga á silungseldi farið vaxandi. Margir bændur hafa haft hug á að hefja silungseldi á jörðum sínum og hefur áhugi sumra beinst að því, að ala regnbogasilung í neysluháfa stærð. Ef vel tekst til með silungseldi mun markaðsleit fyrir silung, sem að framan er rædd, jafnframt geta komið að gagni fyrir sölu á alisilungi.